

Sjúkra- og slysatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 375 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almenum skilmálum](#) Sjóváar og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Sjúkra- og slysatrygging greiðir bætur fyrir tímabundnar og varanlegrar afleiðingar slysa og sjúkdóma. Tryggingin er samsett og þú getur valið þá bótabættir sem henta þér og þínum aðstæðum.



Hvað er tryggt?

Sjúkratrygging greiðir bætur ef sjúkdómur veldur:

- ✓ Tímabundinni óvinnufærni.
- ✓ Varanlegri læknisfræðilegri örorku sem metin er a.m.k. 25%.

Slysatrygging greiðir bætur ef slys veldur:

- ✓ Andlát.
- ✓ Tímabundinni óvinnufærni.
- ✓ Varanlegri læknisfræðilegri örorku.



Hvað er ekki tryggt?

Sjúkratrygging greiðir ekki bætur vegna:

- × Sjúkdóma sem orsakast af notkun áfengis og deyfilyfja.

Slysatrygging greiðir ekki bætur vegna:

- × Slysa sem verða í þátttöku í áflogum eða refsiverðum verknaði.
- × Slysa sem orsakast af neyslu ávana- og fíkniefna.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slysa- eða sjúkdóma sem eru afleiðingar ljósbaða eða lækningameðferða.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.
- Fyrirtækjadreifingu, þar sem hægt er að greiða iðgjöld með mánaðarlegum greiðslum.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi við móttöku skriflegrar og fullbúinnar umsóknar frá þér, að því gefnu að hún verði samþykkt. Með skriflegri umsókn er líka átt við þegar sótt er um rafrænt.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnæsta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.